

Skýrsla Æskulýðsnefndar FAXA

Veturinn 2007-2008

Veturinn 2007-2008 sátu eftirfarandi í Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins FAXA í Borgarfirði:

Ulla Pedersen Hvanneyri
Grétar Þór Reynisson Höll
Anna Guðrún Þórhallsdóttir Hvanneyri

Æskulýðsnefnd fundaði tvisvar í byrjun vetrar til að skipulegga vetrarstarfið. Auk nefndarmanna komu á fundina Gunnar Örn Guðmundsson, formaður Faxe og Rósa Emilsdóttir, Miðfossu. Ákveðið var að halda Knapamerkjanámskeið fyrir börn 12 ára og eldri, reiðnámskeið fyrir eldri og reyndari börn og að athuga með keppnisnámskeið fyrir reyndustu börnin og unglingana er liði að vori.

Knapamerkjanámskeið fyrir 1 og 2 stig hófst 26 febrúar og var kennt á þriðjudögum kl: 17-19 á Miðfossu. Almenn reiðnámskeið hófst sama dag og var kennt kl:19-21, einnig á Miðfossu. Kennari á Knapamerkjanámskeiðinu var Oddrún Ýr Sigurðardóttir en Jakob Sigurðsson sá um kennsluna á reiðnámskeiðinu. 12 börn tóku þátt í Knapamerkjanámskeiðinu, og luku 11 þeirra prófi í báðum merkjum. Kennt var í 12 skipti.

Fjögur börn og unglingar tóku þátt í reiðnámskeiðinu sem haldið var í 6 skipti. Hver þátttakandi fékk einstaklingskennslu í 30 mín. , eða alls í 3 klst.

Ekki reyndist unnt að halda keppnisnámskeið fyrir reyndustu knapana. Hins vegar veitti Oddrún Ýr Sigurðardóttir þeim börnum og unglingum sem þess óskuðu, og tóku þátt í úrtökumótinu fyrir Landsmótið, leiðbeiningar fyrir mótið.

Þeirri ósk var komið til Æskulýðsnefndar á útmánuðum að FAXI tæki þátt í sýningunni “Æskan og hesturinn” sem haldin var í Reykjavík í lok mars. Átta börn tóku þátt í þeirri sýningu á vegum FAXA. Oddrún Ýr Sigurðardóttir stjórnaði æfingum fyrir sýninguna sem tókst í alla staði vel og var félaginu til sóma.

Farið var þess á leit við Æskulýðsnefnd að hún beitti sér fyrir þátttöku barna í sýningunni Stjörnustund sem haldin var á Miðfossu í Maí. Ekki reyndist unnt að verða við þeirri ósk.

Á árinu leituðu æskulýðsnefndir hestamannafélagsins á Akranesi og hestamannafélagsins á Hvammstanga eftir samstarfi við Æskulýðsnefnd Faxa, sérstaklega með það í huga að börn og unglingar innan félagana gætu hist og kynnst. Í maí skipulagði Æskulýðsnefnd FAXA fræðslu- og skemmtikvöld og voru bæði félögin látin vita og boðið að taka þátt. Því miður gátu hin félögin ekki komið á þeim tíma sem ákveðinn hafði verið. Rætt hefur verið um að taka þennan þráð upp að nýju á vetri komanda. Á þetta fræðslu- og

skemmtikvöld, sem haldið var á Mið-Fossum, mættu 12 börn og unglingar sem hlýddu á fræðsluerindi sem Ingimar Sveinsson flutti. Er honum sérstaklega þakkað fróðlegt erindi og skemmtilega frásögn. Var erindinu mjög vel tekið og spunnust miklar umræður í kjölfarið. FAXI bauð öllum þátttakendum uppá Pizzur og gos á þessu fræðslu- og skemmtikvöldi.

Æskulýðsnefnd vill sérstaklega koma á framfæri þakklæti til staðarhaldara á Mið-Fossum fyrir einstaklega góða samvinnu á síðasta vetri, og mikla hjálp og umburðarlyndi sem þeir sýndu við alla atburði sem Æskulýðsnefnd stóð fyrir á Mið-Fossum.

Auk ofnataldra viðburða er það talið í verkahring Æskulýðsnefndar að sjá um veitingasölu á vetrarmótum FAXA. Æskulýðsnefnd sá um undirbúning, kaup og sölu veitinga á þremur mótum FAXA veturinn 2007-2008 og skilaði sú sala töluverðum hagnaði í kassa hestamannafélagsins. Æskulýðsfulltrúar hafa rætt það sín á milli að kannski sé ástæða til að endurskoða þetta fyrirkomulag, þ.e. að telja það til verka Æskulýðsnefndar að sjá um veitingasölu á mótum.

Að lokum vill Æskulýðsnefnd þakka fyrir sig og þakka öllum þeim sem tóku þátt í viðburðum vetrarins og lögðu þar hönd á plóg.

Hvanneyri 1. október 2008

Anna Guðrún Þórhallsdóttir
Ulla Pedersen
Grétar Þór Reynisson (sic).